

## GJALDSKRÁ

### fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Vesturlandssvæðis.

#### 1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Vesturlandssvæðis, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stöð í þeim, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

#### 2. gr.

Tímagjald	kr.	7.300
Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun	kr.	9.000

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu síðastliðin þrjú ár, hefur haft vottað gæðakerfi síðastliðin þrjú ár eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni síðastliðin þrjú ár, sem heilbrigðisnefnd viðurkennir, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

#### 3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

##### Endurnýjun starfsleyfis:

Starfsleyfisgjald		hálf títímagjald
og auglýsingakostnaður ef við á		

##### Ný starfsemi:

Starfsleyfisgjald		eitt títímagjald
og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks		
ásamt auglýsingakostnaði ef við á		

##### Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

Starfsleyfisgjald		eitt títímagjald
og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings,		
ferðar, úttektar og frágangs		
ásamt auglýsingakostnaði ef við á		

Eftirlitsgjald vegna tóbakssölu		hálf títímagjald
---------------------------------	--	------------------

## 4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

## 5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis gefur út samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálf títímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni og önnur sérstök verkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlandssvæðis er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

## 6. gr.

Af starfsemi, sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis hefur eftirlit með samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun, skal greiða gjöld samkvæmt 2. gr.

## 7. gr.

Aðildarsveitarfélögin, eða aðili sem þau tilnefna, annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka A sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

## 8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. apríl og eindagi 1. maí ár hvert. Gjalddagi gjalda af sumarrekinni starfsemi er 1. júlí og eindagi 1. ágúst. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

## 9. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærrí er.

## 10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 231/2005 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Vesturlandssvæðis.

*Borgarnesi, 1. febrúar 2006.*

**Helgi Helgason,**  
framkv.stj. Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.

## VIÐAUKI A

Atvinnugreinar	ÍSAT-númer	Tíðni	Gjald
Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru	90.00.0.6	0,25	6.400
Aðrar skólphreinsistöðvar	90.00.0.3	1	25.700
Alifuglarækt < 40.000 stæði	01.24.0.1	1	29.700
Alifuglarækt > 40.000 stæði	01.24.0.2	2	59.400
Apótek	52.31.0.0	0,5	11.900
Áfengis meðferð	85.11.5.0	0,5	15.800
Áfengisverslun	52.25.0.0	0,5	11.900
Áhaldahús sveitarfélags	90.00.0.9	0,5	12.900
Bakarí, miðlungs	15.81.0.3	1	38.700
Bensínstöðvar með matvöru	50.50.0.1	2	67.300
Bensínstöðvar með veitingasölu	50.50.0.2	2	92.200
Bensínstöðvar, sjálfsafgreiðsla	50.50.0.0	1	27.700
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, lítið	50.20.0.4	0,5	16.800
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, miðlungs	50.20.0.5	0,5	20.800
Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið	50.20.0.1	0,25	6.400
Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs	50.20.0.2	0,25	6.900
Bílapartasölur	50.30.0.3	0,5	15.800
Blikksmíði	28.52.0.1	0,25	5.900
Blómarækt	01.12.2.0	0,25	6.900
Blómaverslanir	52.48.8.0	0,25	6.400
Bón- og bílaþvottur, sjálfvirk	50.20.0.10	0,5	9.900
Bón- og bílaþvottur, sjálfvirk	50.20.0.9	0,5	18.800
Byggingavörverslanir, litlar	52.46.1.2	0,5	14.900
Byggingavörverslanir, stórar	52.46.1.1	1	31.700
Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu	55.23.0.2	0,5	21.900
Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu	55.23.0.1	0,5	25.800
Dagmæður með 6 börn eða fleiri	85.32.1.1	0,5	15.800
Deildaskipt sjúkrahús, miðlungs með móttökueldhúsi	85.11.1.2	1	41.600
Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs með móttökueldhúsi	85.11.4.2	1	29.700
Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór með fullbúnu eldhúsi	85.11.4.3	1	44.600
Dýralæknastofur án röntgen	85.20.0.1	0,25	5.400
Efnalaugar	93.01.0.2	0,5	15.800
Fangelsi, lítið	75.23.0.1	0,5	7.900
Fangelsi, miðlungs	75.23.0.2	0,5	16.800
Farfuglaheimili og fjallaskálar, heilsársnotkun	55.21.0.1	0,5	12.900
Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi	85.32.6.2	1	44.600
Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi	85.32.6.1	1	31.700
Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi	85.32.4.0	0,5	15.800
Fiskbúðir með vinnslu, litlar	52.23.0.1	1	25.700
Fiskmarkaðir	51.17.2.0	0,5	15.800
Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu	63.23.0.2	0,5	12.900
Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	63.23.0.1	1	29.700
Fótaaðgerðarstofur	85.14.9.1	0,5	11.900
Framköllunarþjónusta, sérhæfð	74.81.0.2	0,5	14.900
Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	26.61.0.0	0,5	10.900
Framleiðsla á fullunnu korni/morgunkorni	15.61.0.2	1	38.700
Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrangi < 10 tonn á dag	15.41.0.1	1	37.600
Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja	15.91.0.0	1	29.700
Framleiðsla húsdýrafóðurs	15.71.1.0	0,25	5.900
Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	26.63.0.0	0,5	16.800

Atvinnugreinar	ÍSAT-númer	Tíðni	Gjald
Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi	80.30.0.3	1	40.700
Garðaúðun	24.20.0.1	0,25	5.900
Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni	90.00.0.5	0,25	6.400
Gámastöð	90.00.0.4	0,5	13.900
Gistiheimili án veitingasölu, lítið (< 16 manns)	55.12.0.1	0,5	14.900
Gistiheimili án veitingasölu, miðlungs (16-50 manns)	55.12.0.2	0,5	15.800
Gistiheimili án veitingasölu, stórt (>50 manns)	55.12.0.3	1	25.700
Grunnskólar án mótuneytis	80.10.0.1	0,5	15.800
Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi	80.10.0.3	1	37.900
Gæsluvellir	85.32.2.3	0,5	11.900
Götuleikhús og tívolf	52.62.0.1	1	25.700
Harðfiskverkun	15.20.5.0	0,5	21.800
Hárgreiðslu- og snyrtistofur	93.02.0.0	0,5	15.800
Hárgreiðslustofur	93.02.0.1	0,5	13.900
Heildverslun með ávexti og grænmeti	51.31.0.1	1	25.700
Heilsugæslustöðvar	85.12.1.1	0,25	6.900
Heimili fyrir börn og unglinga	85.31.1.0	0,5	15.800
Heitloftspurrkun fiskafurða	15.20.4.1	1	25.700
Hestahald (hesthúshverfi)	92.62.0.1	0,25	7.900
Hitaveita	40.33.1.0	0,5	15.800
Hjólbarðaverkstæði, gúmmívinnsla	50.20.1.4	0,25	6.400
Hótel með veitingasölu, lítið (< 50 manns)	55.11.0.1	1	29.700
Hótel með veitingasölu, miðlungs (51-100 manns)	55.11.0.2	2	67.300
Hótel með veitingasölu, stórt (>100 manns)	55.11.0.3	2	74.800
Hrognavinnsla	15.20.5.1	0,25	6.900
Hundahótel	01.42.0.1	0,25	5.400
Ísgerð	15.52.0.0	2	67.300
Íþróttahús, lítil	92.61.0.4	0,5	13.900
Íþróttahús, miðlungs	92.61.0.5	0,5	17.800
Íþróttavellir	92.61.0.7	0,25	6.400
Járnvöruverslanir	52.46.1.3	0,5	14.900
Kattahótel	01.42.0.2	0,25	5.000
Kirkjur	91.31.1.1	0,25	4.500
Kjötpökkunarstöð	15.13.0.7	2	37.600
Kjötvinnsla með reykingu, lítil	15.13.0.4	1	29.700
Kjötvinnsla með reykingu, miðlungs	15.13.0.5	2	37.600
Kjötvinnsla, lítil	15.13.0.1	1	29.700
Kjötvinnsla, miðlungs	15.13.0.2	2	37.600
Krár, kaffihús með matsölu (<50 manns)	55.40.0.1	1	27.700
Kræklingaeldi	05.02.2.1	0,25	6.900
Kvikmyndahús	92.13.0.1	0,5	14.900
Kökugerð, lítil	15.82.0.2	1	21.800
Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, lítil	15.20.8.0	1	38.700
Land- og kvíaeldi	05.02.2.0	1	33.700
Leikskólar án eldhúss	85.32.1.0	0,5	15.800
Leikskólar með fullbúð eldhús	85.32.2.2	1	36.700
Líkamsræktarstöðvar, miðlungs	93.04.0.2	0,5	13.900
Líkamsræktarstöðvar, stórar	93.04.0.3	0,5	14.900
Ljósmyndastofur með framköllun	74.81.0.3	0,5	12.900
Loðdýrabú	01.25.2.0	1	29.700
Læknastofur	85.12.2.1	0,25	5.900
Malar- og sandnám; vikurnám. Langtíma starfsemi	14.21.0.0	0,25	6.900
Malar- og sandnám; vikurnám. Tímabundin starfsemi	14.21.0.2	1	29.700
Markaðir	52.62.0.0	0,5	14.900

Atvinnugreinar	ÍSAT-númer	Tíðni	Gjald
Markaðir í mjög stuttan tíma	52.62.0.01	1	25.700
Matsölustaðir, miðlungs (51-100 manns)	55.30.1.2	2	56.500
Matsölustaðir, litlir (17-50 manns)	55.30.1.1	2	39.600
Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs	52.11.2.5	1	32.800
Matvöruverslun án vinnslu, stór	52.11.2.6	1	25.700
Matvöruverslun með vinnslu, lítil	52.11.2.1	1	42.700
Matvöruverslun með vinnslu, miðlungs	52.11.2.2	1	57.600
Matvöruverslun með vinnslu, stór	52.11.2.3	1	42.700
Málningarvöruverslanir	52.46.2.1	0,5	14.900
Meðferð og húðun málna	28.51.0.0	0,5	18.800
Mjólkurbú og ostagerð	15.51.0.0	4	220.300
Mjólvinnsla úr sjávarafurðum	15.20.7.1	1	31.700
Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	51.57.0.3	0,5	14.900
Móttaka brotamálms	51.57.0.2	1	42.700
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi	55.51.0.2	1	27.700
Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið	55.51.0.4	1	23.800
Niðurrif bifreiða	51.57.0.1	0,5	15.800
Nuddstofur	93.04.0.6	0,5	13.900
Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu	26.82.9.1	1	21.800
Plastiðnaður	25.21.0.1	0,5	15.800
Prentiðnaður með framköllun	22.22.9.2	0,5	16.800
Prentiðnaður, lífill	22.22.9.1	0,25	7.400
Rafvéla- og rafvélverkstæði	31.62.0.1	0,25	5.900
Sala á tilbúnum mat	55.52.0.1	1	23.800
Salatgerð	15.33.0.2	1	43.700
Saltfiskverkun	15.20.2.0	1	21.800
Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi	85.32.6.5	1	35.600
Seiðaeldisstöðvar með fleiri en 150 þús. seiði	05.02.1.2	0,5	16.800
Sjúkraþjálfun	85.14.1.1	0,25	5.900
Skemmtistaðir með matsölu	55.30.2.0	1	31.700
Skíðaskálar, skíðasvæði	92.61.0.8	0,25	7.900
Skolphreinsistöðvar	90.00.0.3	1	25.700
Skotvellir	92.72.0.1	0,5	14.900
Skyndibitastaðir, litlir (<50 manns)	55.30.1.4	1,5	32.700
Sláturhús < 50t/dag	15.11.0.1	2	67.300
Smurstöðvar	50.20.0.12	0,5	20.800
Snyrtistofur	93.02.0.2	0,5	13.900
Snyrtivöruverslun	52.33.0.1	0,5	13.900
Sorpflutningar og sorphirða	90.00.0.7	0,25	8.900
Sólbaðstofur án heitra potta	93.04.0.4	0,5	13.900
Spennistöðvar	40.10.0.1	0,25	5.000
Starfsmannabúðir (< 16 manns)	55.14.0.1	1	25.700
Starfsmannabúðir (>50 manns)	55.14.0.3	2	56.500
Starfsmannabúðir (16-50 manns)	55.14.0.2	1	29.700
Starfsmannabústaðir (< 16 manns)	55.12.0.4	0,5	14.900
Starfsmannabústaðir (>50 manns)	55.12.0.6	1	25.700
Starfsmannabústaðir (16-50 manns)	55.12.0.5	0,5	14.900
Stálsmíði og stálskipagerð	35.11.0.1	1	29.700
Sultu- og ávaxtagrautagerð	15.33.0.1	1	43.700
Sundstaðir, litlir	92.61.0.1	1	63.700
Sundstaðir, miðlungs	92.61.0.2	2	97.600
Súkkulaði- og sælgætisgerð, lítil	15.84.0.1	1	26.800

<b>Atvinnugreinar</b>	<b>ÍSAT-númer</b>	<b>Tíðni</b>	<b>Gjald</b>
Svínarékt > 2000 stæði fyrir alisvín eða > 750 stæði fyrir gylltur	01.23.0.2	2	75.200
Söluturnar með óvarin matvæli, litlir	52.11.3.2	1	21.800
Tannlæknastofur	85.13.1.1	0,25	5.900
Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, lítið	55.22.0.1	0,25	6.400
Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, miðlungs	55.22.0.2	0,5	12.900
Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, stórt	55.22.0.3	0,5	14.900
Tónlistarskólar	80.42.2.0	0,25	6.900
Trésmíðaverkstæði án lökkunar	20.30.9.2	0,25	6.900
Trésmíðaverkstæði með lökkun	20.30.9.1	0,5	15.800
Vatnsveitur <1.000 íbúa	41.00.0.6	1	18.000
Vatnsveitur 1.000 - 5.000 íbúa	41.00.0.5	4	72.000
Vatnsveitur 5.000 - 10.000 íbúa	41.00.0.4	6	108.000
Vatnsveitur, einkaveitur	41.00.0.7	0,25	10.900
Verslun með eiturefni/hættuleg efni	51.55.0.2	0,5	14.900
Vélsmiða- og vélaviðgerðaverkstæði	29.11.0.0	0,25	6.400
Vinnsla á ferskum fiski, lítil	15.20.6.1	1	21.800
Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	15.20.6.2	1	29.700
Vinnsla á ferskum fiski, stór	15.20.6.3	1	37.600
Vinnsla með plast- og frauðefni	25.21.0.2	0,5	15.800
Virkjanir	40.10.0.3	0,5	15.800
Vistheimili	85.11.4.4	0,5	15.800
Vöruflutningamiðstöðvar	63.21.0.1	0,5	18.800
Yoga-stofur, heilun ofl.	85.14.9.3	0,5	11.900
Pvottahús og efnalaugar	93.01.0.0	0,5	13.900